

Þessi tillaga verður lögð fram ef tillaga Gauta verður samþykkt.

Breytingartillaga við 5. grein skáklaga Skáksambands Íslands

Flutningsmaður leggur til að við þann hluta 5. greinar sem fjallar um þátttökurétt í meistaraflokki bætist eftirfarandi töluliðum við:

- Íslandsmeistari kvenna frá árinu áður, enda hafi viðkomandi ekki þegar unnið sér þátttökurétt í landsliðsflokki samkvæmt öðrum töluliðum greinarinnar.
- Ungmennameistari Íslands, enda hafi viðkomandi ekki þegar unnið sér þátttökurétt í landsliðsflokki samkvæmt öðrum töluliðum greinarinnar.

Greinin orðast þá svo:

Eftirtaldir keppendur hafa þátttökurétt í meistaraflokki:

- Skákmenn í 3.–5. sæti meistaraflokks á síðasta Skákþingi Íslands og til vara sá sem þar hafnaði í sjötta sæti.
- Þrír efstu menn í áskorendaflokki á síðasta Skákþingi Íslands.
- Íslandsmeistari kvenna frá árinu áður, enda hafi viðkomandi ekki þegar unnið sér þátttökurétt í landsliðsflokki samkvæmt öðrum töluliðum greinarinnar.
- Ungmennameistari Íslands, enda hafi viðkomandi ekki þegar unnið sér þátttökurétt í landsliðsflokki samkvæmt öðrum töluliðum greinarinnar.
- Eftir atvikum aðrir keppendur valdir af stjórn SÍ.

Bestu kveðjur,

Jóhanna Björg

Forseti Skáksambands Íslands